

Málþing í Menningarmálaráðuneytinu um „kynhlutlaust mál“

1. „Kynhlutlaust mál“ og „karllægt mál“

- Getur tungumál eins og íslenska (þrjú málfræðileg kyn sem gegna veigamiklu hlutverki) verið „kynhlutlaust“ í einhverjum skilningi?
- Íslenskt mál er ekki „karllægt“ en það má kalla það „málfræðilega karlkynslægt“ vegna þess hvaða hlutverki málfræðilegt karlkyn gegnir í málinu (sjá hér á eftir).
- **Málnotkun** sumra getur verið karllæg en það er ekki tungumálinu að kenna.

2. Algengt dæmi úr „nýlensku“

[leyfi mér að nota orðið *nýlenska* hér til þæginda – með því hefur verið átt við tilraunir til að breyta verkaskiptingu málfræðilegu kynjanna í íslensku]

- „Öll velkomin.“ Spurning margra: „Öll hver?“

Hvernig stendur á þessari spurningu?

3. Þrenns konar notkun kyns í íslensku

Samræmiskyn: Orð sem kynbeygjast sýna samræmi í kyni við **orð** sem þau eiga við:
góð bók, **góður** matur, **gott** kvæði
bókin er **góð**, maturinn er **góður**, kvæðið er **gott**
Forseti stýrir ríkisráðsfundi og **hann** setur fundinn
[almennt ákvæði, ekki verið að vísa í tiltekinn forseta]

Vísandi kyn: Orð sem kynbeygjast þiggja kyn sitt frá þeim sem vísað er til:
Forsetinn stýrði fundinum og **hann/hún** bauð alla velkomna
[t.d. Guðni eða Halla – vísað í tiltekinn forseta]
Þrjú sóttu um starf útvarpsstjóra. [Síðan er sagt hver þau voru.]
Verið **öll velkomin/allar velkomnar/allir velkomnir** ...
[tiltekinn hópur ávarpaður]

Sjálfgefið kyn: Þegar ekki er verið að sýna samræmi við neitt orð og ekki heldur verið að vísa í tiltekinn einstakling eða hóp:

- Þegar talið er án þess að vísað sé í neitt eða neinn: **einn, tveir, þrír, fjórir ... tuttugu og einn ... , þrjátíu og tveir ...**
- Í málsháttum or orðtökum: *Hvað **ungur** nemur **gamall** temur.*
- Fréttir: *Í þessu húsi eru íbúðir fyrir **aldraða**.*

Sjá fleiri dæmi á baksíðunni.

4. Sjálfgæfið karlkyn (kynhlutlaust karlkyn) er og hefur verið „út um allt“ í íslensku

Þegar krakkar telja í leik:

Teldu upp að tíu: **einn, tveir, þrír, fjórir ...**

Í eintölu:

- Uppflettimynd í orðabókum: **góður**
- Fyrirmæli: **Enginn** má yfirgefa húsið ...
- Almennar spurningar: Sástu **einhvern**?
- Málshættir og orðtök: **Margur** heldur mig sig.
- Auglýsingar: **Sá** sem tók lyklana mína er **beðinn** að ...
- Ótiltekið frumlag: Að vera **ríkur** er talið eftirsóknarvert.

Í fleirtölu:

- Almennar spurningar: **Hverjir** mega kjósa í forsetakosningum?
- Almennar staðhæfingar: **Allir** vita að jörðin er hnöttótt.
- Pantanir (kyn skiptir ekki máli): Ég ætla að panta borð fyrir **fjóra**.

Spurningar um þessi dæmi:

- Er málfræðilega karlkynið kynhlutlaust í þessum dæmum?
 - Ef „já“, er það þá ekki kynhlutlaust í dæmum eins og **Allir velkomnir!**
 - Ef „nei“, þyrfti þá ekki að breyta þessu í þágu jafnréttis?

5. Máltileinkun og samhengi í málinu

- Skýr verkaskipting málfræðilegra kynja = auðvelt fyrir börn að tileinka sér málið
- Óbreytt verkaskipting málfræðilegu kynjanna um aldir = samhengi í málinu (hefð)

6. Sérstaða tilbúinna tilbrigða í verkaskiptingu málfræðilegu kynjanna

- Þessi tilbrigði eru ólík öllum öðrum tilbrigðum í málinu af því að þau eru „tilbúin“.
- Þessi tilbrigði eru ólík öðrum tilbrigðum af því að þau snerta merkinguna.
- Þessi tilbrigði eru m.a. eðlisólík því þegar þéringar lögðust af og ólík því þegar svonefnd tvítala glataðist (snerti bara merkingu tveggja fornafna: *við/vér, þið/þér ...*)

7. Hugsanleg áhrif nýlenskunnar

Við vitum það ekki fyrir víst vegna þess að þetta er tilraun sem á sér engin fordæmi – en

- Hún getur valdið misskilningi: **Þrjú fórust í snjóflóði í Ölpunum**. Var það t.d. Ævar Örn eða Sigríður Hagalín sem skrifaði fréttina á RÚV? Þau nota hvorugkyn fleirtölu ekki á sama hátt ...
- Hún flækir málið fyrir börn á máltökuskeiði (misvísandi upplýsingar) og fólk sem er að tileinka sér íslensku sem annað mál.
- Hún getur haft áhrif sem eru andstæð því sem ætlast er til (skautun).

8. Hugsanleg afdrif nýlenskunnar

- Hún **slær í gegn** og málkerfið breytist. [Ólíklegt, rótgróið og víðtækt kerfi.]
- Hún **deyr út** – börn horfa framhjá henni eins og ýmsum öðrum óregluleika í málinu þegar þau tileinka sér málið.
- Hún **lifir áfram sem nokkurs konar „elítumál“** – sbr. að það eru aðallega nokkrir menntamenn, fréttar- og blaðamenn og stjórnmálamenn úr tilteknum flokkum sem tala eða skrifa svona og nota þessa málnotkun til að merkja sig: „Ég er jafnréttissinni!“